

## Sigurður Ásbjörnsson - SLS

---

**Frá:** Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>  
**Sent:** miðvikudagur, 3. apríl 2024 14:57  
**Til:** Sigurður Ásbjörnsson - SLS  
**Efni:** 2404047 - matsskylda alifuglabú Heiðarbæ 2

**Flokkar:** Vistað í OneCRM; 202101109  
**One:** -1

You don't often get email from asta@blaskogabyggd.is. [Learn why this is important](#)

Góðan dag

Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna erindis Skipulagsstofnunar:

### Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu vegna alifuglabús að Heiðarbæ 2 - 2404047

Beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn um matsskyldu vegna framkvæmdar. Alifuglabú að Heiðarbæ 2, Bláskógabyggð.

*Sveinn Ingi Sveinbjörnsson vék af fundi. Sveitarstjórn telur að ekki sé um matsskyldu að ræða í tilviki alifuglabús að Heiðarbæ 2.*

Kveðja,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri

Bláskógabyggð,

Aratungu, 806 Selfoss

*Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér.*



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík**

Selfossi, 20. mars 2024  
2402094HS SHJ

**Efni: Alifuglabú Heiðarbæ 2, Þingvöllum, nr. 0204/2024 - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd**


Þann 23. febrúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna alifuglabús að Heiðarbæ 2 í Bláskógabyggð.

Um er að ræða alifuglabú fyrir allt að 12.000 kjúklinga sem hefur verið í rekstri óslitið frá árinu 2009 í húsi sem áður hýsti svínabú. Rekstri svínabúsins var hætt 2006. Ekki er fyrirhugað að stækka alifuglabúið eins og sakir standa. Reksturinn er staðsettur á skipulögðu landbúnaðarsvæði skv. gildandi aðalskipulagi Bláskógabyggðar í um 600 m fjarlægð frá frístundasvæði við bakka Þingvallavatns. Áætlað magn af kjúklingaskít er um 95 tonn á ári sem allur er nýttur til uppgræðslu í landi Heiðarbæjar 2 en utan þess svæðis sem skilgreint er sem verndarsvæði vatnasviðs Þingvallavatns. Þvottavatn fer í lokað haughús án afrennslis, sem losað er reglulega. Framkvæmdaraðili telur því að umhverfisáhrif vegna rekstursins, önnur en möguleg lykt næst eldihúsi, séu hverfandi þar sem þau falli til utan verndarsvæðis Þingvallavatns og fjarri frístundabyggðinni við bakka þess.


Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir alifugarækt starfsleyfi skv. viðauka IV með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

  
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi

Umsögn  
Tilv. UX.310(P)



Land og skógur

Skipulagsstofnun  
b.t. Sigurðar Ásbjörnssonar  
sent með tölvupósti

Selfossi, 8. apríl 2024

**Efni: Umsögn um matsskyldutilkynningu um rekstur alifuglabús í Heiðarbæ 2, Þingvallasveit, mnr. 204/2024.**

Land og skógur hefur skoðað málið, og gerir ekki athugasemdir við að fuglaskítinum sé dreift á mela til uppgræðslu, að því leyti sem melarnir eru utan verndarsvæðis.

Land og skógur bendir á að til að nýta áburðarefnið í skítinum sem best til uppgræðslu er skynsamlegt að miða við 150kg N/ha eða um 5 tonn af fuglaskít á þriggja ára fresti. Lífrænn áburður losar næringarefnið hægar en tilbúinn áburður og því nýtist áburðargjöf sem þessi gróðrinum auðveldlega í 2-3 ár. Fjölbreyttur gróður tekur við sér og með tímanum verður til heilbrigðara vistkerfi.

Til samanburðar er vert að nefna að í túnrækt er ekki óalgengt að nota árlega 90-150kg N/ha með tilbúnum áburði, en þar eru markmiðin að hámarka vöxt og uppskeru, sem eru jú önnur markmið en með uppgræðslu.

Þannig er betra að dreifa hæfilegum skammti af áburði því þá er líklegra að fleiri tegundir nái sér á strík, en það er vel þekkt að með ofgnótt næringarefna taka grös fram úr öðrum gróðri og geta myndað þykkt gróðurlag sem skyggir á aðrar tegundir.

**Stofnunin gerir ekki fleiri athugasemdir.**

Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað,  
bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

*Páll Sigurðsson m.e.h.*

Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi  
[pall.sigurdsson@landogskogur.is](mailto:pall.sigurdsson@landogskogur.is)  
Austurvegi 3, 800 Selfossi, gsm. 849-2912

## Umsögn Matvælastofnunar um kjúklingabúið að Heiðarbæ 2 á Þingvöllum

### Matvælastofnun

Brigitte Brugger

UMSÖGN BIRT **28.02.2024**

Góðan daginn

Matvælastofnun hefur engar athugasemdir við greinagerð Reykjabússins. Stofnunin getur staðfest að starfsstöðin er með gild starfsleyfi til frumframleiðslu matvæla frá Matvælastofnun.



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 20. mars 2024  
MÍ202403-0141/ 6.07 / K.M.

## Efni: Heiðarbær 2 í Bláskógabyggð. Alifuglabú.

Minjastofnun Íslands hefur borist ósk um umsögn um hvort starfsemi alifuglabús á jörðinni Heiðarbær 2 við Þingvallavatn skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Á jörðinni Heiðarbær 2 er uppsteypt hús með stálgrindarþaki. Húsið er 550 m<sup>2</sup> að stærð. Húsið var upphaflega byggt sem svínahús en var breytt í alifuglahús. Í húsinu er pláss fyrir 12.000 kjúklinga stæði. Neðar í landinu er haughús. Í það rennur skólþ úr fuglahúsinu. Ekkert frárennsli er frá húsinu og er það tæmt reglulega. Fyrirtækið Reykjabú hefur rekið alifuglabú á jörðinni frá árinu 2009. Starfsemin hefur verið óbreytt síðan og í greinargerð Reykjabúsins segir að ekki sé fyrirhugað að stækka framleiðsluna eins og sakir standa.

Í greinargerðinni kemur fram að bærinn Heiðarbær 2 standi á hól á miðju túni. Fuglahúsið standi þétt við önnur útihús á bænum og um 200 m frá íbúðarhúsi á Heiðarbær 1. Heiðarbær mun vera landnámsjörð Þingvallasveitar. Bærinn stendur í jaðri landnámsins. Þar bjó Hrolleifur Einarsson, sonur Einars barnakarls.

Ekki er fjallað um fornleifar í greinargerð Reykjabúsins. Árið 2022 kom úr skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Heiðarbær í Þingvallasveit: Deiliskráning í sumarbústaðabyggð við Þingvallavatn*. Eins og nafnið bendir til náði athugunarsvæði skráningaraðila yfir sumarbústaðabyggð sem er nokkuð sunnan við bæjarstæði Heiðarbæjar. Fornleifar hafa ekki verið skráðar á öðrum hlutum jarðarinnar.

Búið er að byggja þau mannvirki sem notuð eru við rekstur alifuglabúsins og ekki stendur til að reisa frekari mannvirki tengd starfseminni á næstunni. Áframhaldandi rekstur alifuglabúsins á Heiðarbær 2 mun því ekki hafa áhrif á fornleifar.

Minjastofnun Íslands telur að starfsemi alifuglabús á jörðinni Heiðarbær 2 við Þingvallavatn í Bláskógabyggð skuli ekki háð mati á

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnstigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. mars 2024  
Málsnúmer: 202402-0077  
SS

**Efni: Umsögn um matsskyldu alifuglabús á Heiðarbæ 2, Bláskógabyggð.**

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 23. febrúar 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynnta framkvæmd um rekstur alifuglabús á Heiðarbæ 2 í Bláskógabyggð.

Um er að ræða kjúklingabú í rekstri sem hefur haft starfsleyfi frá 2009 en ekki var tilkynnt um framkvæmdina til Skipulagsstofnunar á sínum tíma og því verið að stíga það stjórnsýslulega skref eftir á. Ekki er stefnt að neinum frekari framkvæmdum en hins vegar hefur aldrei verið lagt mat á umhverfisáhrif starfseminnar samkvæmt lögbundnu ferli umverfismats.

Búið er staðsett innan verndarsvæðis vatnasviðs Þingvallavatns sem felur í sér að mjög mikilvægt er að gera kröfur um að mengun frá búinu berist ekki í vatnið. Fyrirkomulag fráveitu og meðferð úrgangs skiptir þar höfuð máli sem og almennar mengunarvarnir í og við búið. Miðað við upplýsingar sem koma fram í greinargerð virðast þessi mál vera í góðum farvegi og er t.d. öllum skít safnað saman í haughúsi og síðan dreift til uppgræðslu utan við verndarsvæðið þar sem starfsleyfi er til staðar fyrir losun seyru. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir ekki athugasemdir í umsögn sinni frá 20.3.2024 um matsskylduna og má því álykta sem svo að fyrirkomulag á þessum málum séu í góðu lagi.

Engar framkvæmdir sem fela í sér rask sem ekki hefur þegar orðið (og sem voru á landbúnaðarlandi) eru áformaðar.

Náttúrufræðistofnun telur í ljósi þessa ekki þörf á að rekstur alifuglabúsins fari í umhverfismat.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

